

Framkvæmdaleyfi

Vegna Vestfjarðarvegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi

Leyfishafi: Vegagerðin

Kennitala: 680268-2899

Dagsetning samþykktar leyfis: 25. febrúar 2020.

Gildistími leyfis: Gildistími leyfis er í fimm ár frá útgáfu leyfis.

Hafi framkvæmdir ekki hafist innan árs frá útgáfudagsetningu leyfis fellur leyfið úr gildi skv. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Stöðvist framkvæmdir í eitt ár getur sveitarstjórn fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

Framkvæmdalýsing: Framkvæmdir felast í byggingu Vestfjarðarvegar frá Bjarkarlundi að Skálanesi, byggingu nýs Djúpadalsvegar með austanverðum Djúpafirði og endurbyggingar Gufudalsvegar í vestanverðum Gufufirði.

Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirbyggjandi framkvæmdalýsingu Vegagerðarinnar og skilmála Reykhólahrepps:

- Framkvæmdalýsing, dags. 16.12.2019.
- Yfirlitsmyndir í mælikvarða 1:40.000.
- Skýringarmyndir í mælikvarða 1:10.000.
- Uppdrættir í mælikvarða 1:4.000/400
- Yfirlitsmyndir brúarmannvirkja í mælikvarða 1:500 – 1:50.
- Efnistökuáætlun og uppdrættir sem skilgreina efnistökusvæði.
- Skilmálar Reykhólahrepps varðandi framkvæmd, vöktun og frágang

Reykhólahreppur hefur heimild til að óska eftir nákvæmari hönnunargögnum áður en framkvæmdir hefjast við viðkomandi áfanga, sbr. 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Vakin er athygli leyfishafa á því að honum er skylt að óska eftir samþykki leyfisveitanda fyrir breytingum á framkvæmd og tilkynna Skipulagsstofnun ef þær falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Falli til umtalsverður viðbótarkostnaður á sveitarfélagið vegna framkvæmdaleyfisins, áskilur sveitarfélagið sér rétt að krefjast viðbótargreiðslu við framkvæmdaleyfisgjald.

Eftirlitsaðili framkvæmdar: Reykhólahreppur

Reykhólar, 10. mars 2020

Sveitarstjóri

Hönnunargögn og önnur gögn sem framkvæmdaleyfi byggir m.a. á:

Gögn	Ábyrgð	Dagsetning
Lýsing mannvirkja og framkvæmdar í umsókn um framkvæmdaleyfi	Vegagerðin	16.12.2019
Yfirlitsmyndir í mælikvarða 1:40.00 sem sýnir framkvæmdir og afstöðu	Vegagerðin	
Skýringarmyndir í mælikvarða 1:10.000	Vegagerðin	
Uppdrættir í mælikvarða 1:4.000/400	Vegagerðin	
Yfirlitsmyndir brúarmannvirkja í mælikvarða 1:500-1:50	Vegagerðin	
Efnistökuáætlun og uppdrættir sem skilgreina efnistökusvæði	Vegagerðin	12.12.2019
Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum	Vegagerðin	Febrúar 2017
Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum	Skipulagsstofnun	28.3.2017
Rannsóknir og gögn sem lögð hafa verið fram eftir álit Skipulagsstofnunar, sbr. greinargerð með framkvæmdaleyfi		
Umsögn Umhverfis- og náttúrufræðinefndar Reykhólahrepps um drög að framkvæmdaleyfi	Umhverfis- og náttúrufræðinefnd Reykhólahrepps	25.1.2020
Umsögn Umhverfisstofnunar um drög að framkvæmdaleyfi	Umhverfisstofnun	10.2.2020
Umsögn Náttúrufræðistofnunar um drög að framkvæmdaleyfi	Náttúrufræðistofnun Íslands	29.1.2020
Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018, sbr. breyting staðfest af Skipulagsstofnun 22.11.2019	Reykhólahreppur	22.11.2019
Greinargerð Reykhólahrepps með framkvæmdaleyfi	Reykhólahreppur	Febrúar 2020
Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030	Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð	5.6.2018
Landsskipulagsstefna 2015-2026	Skipulagsstofnun	September 2016
Deiliskipulag Þórisstaða í Þorskafirði	Reykhólahreppur	16.1.2013
Lög og reglugerðir sem varða framkvæmd, m.a. náttúruverndarlög, lög um verndun Breiðafjarðar, lög um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslög og vegalög		

Skilyrði leyfisveitenda

Reykhólahreppur setur eftirfarandi skilmála varðandi framkvæmd, vöktun og frágang.

Framkvæmdir og verklag

1. Veglínu verði hagað þannig að hún sneiði hjá fornleifum og votlendi.
2. Að tvær brýr verði í þverun Djúpafjarðar, til að draga sem kostur eru úr áhrifum þverunar.
3. Að útfærsla brúaropa miði við að straumhraði verði um 2,0 m/s. Einnig skuli tryggja að hæð brúa sé slík að hún skerði ekki möguleika til þangskurðar í Djúpafirði.
4. Heimilt er að hafa tímabundnar vinnubúðir við Þórisstaði og við námu á Hallsteinsnesi.
5. Verklag við framkvæmdir skal fylgja því sem lýst er í matsskýrslu Vegagerðarinnar og í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi.
6. Frágangur á efnistökusvæðum verður samkvæmt verklagsreglum sem koma fram á heimasíðunni www.namur.is.
7. Allar nýjar námur sem tilgreindar eru í aðalskipulagi og tengjast framkvæmdum við Vestfjarðaveg verður lokað að framkvæmdum loknum. Það eru námur E9, E12 og E14.
8. Samráð skal haft við landeigendur og Umhverfisstofnun um lokahönnun efnistökuastaða.
9. Vegagerðin skal reglulega upplýsa sveitarstjórn um framvindu verkefnisins. Við framvindu verksins skal jafnframt meta hvort forsendur séu til að endurskoða áfangaskiptingu verkefnis.
10. Vegagerðin skoði möguleika á samnýtingu samgöngumannvirkja og að hún taki til skoðunar tillögur sem sveitarstjórn leggur fram. Skoða skal möguleika á að lendingarstöðum fyrir báta við landfyllingar.

Rannsóknir, mótvægisáðgerðir og vöktun

11. Vegagerðin skal grípa til skilgreindra mótvægisáðgerða og vöktunar, eins og þeim er lýst í 8. kafla matsskýrslu Vegagerðarinnar um Vestfjarðaveg (60), milli Bjarkarlundar og Skálaness í Reykhólahreppi.
12. Vegagerðin skuli við endanlega hönnun tryggja að dregið hafi verið sem kostur er úr raski á svæðum og náttúruminum sem njóta sérstakrar verndar, s.s. vegna legu framkvæmda og útfærslu.
13. Rask vegna framkvæmda verði eingöngu innan skilgreinds framkvæmdasvæðis sem er skilgreint sem vegsvæðið að viðbættum námusvæðum og akstursleiðum að og frá þeim, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Jafnframt skal hanna skeringar og námur með þeim hætti að röskuð svæði falli sem best að aðliggjandi landi, auðveldi uppgræðslu og endurheimt gróðurs og dragi úr sjónrænum áhrifum. Þessir skilmálar snúa einnig að landfyllingum og þverun fjarða.
14. Þegar skógur verður felldur, skal fornleifafræðingur fara um svæðið. Samráð verði haft við Minjastofnun komi fram nýjar upplýsingar um fornleifar á svæðinu, í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.
15. Vegagerðin í samráði við Skógræktina, skógræktarfélag á svæðinu og Reykhólahrepp leggi til svæði fyrir endurheimt skóglendis sem raskast vegna framkvæmda. Vegagerðin skal sækja um fellingarleyfi til Skógræktarinnar og gera samning um mótvægisáðgerðir sbr. 18. og 19 gr. laga um skóga og skógrækt. nr. 33/2019.
16. Endurheimta skal birkiskóg, með birki, í stað þess sem eyðileggst.

17. Framkvæmdaraðili skal kanna möguleika á endurheimt leira í samræmi við umfjöllun í kafla 6.13.2 í matsskýrslu Vegagerðarinnar. Lagt er til að við tilraun um endurheimt leira verði leitað til fagaðila, s.s. Náttúrustofu Vestfjarða eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.
18. Framkvæmdaraðili skal tryggja að við efnistöku berist lúpína ekki inn á vegsvæðið.
19. Framkvæmdaraðili skal telja fugla í Djúpafirði og Gufufirði áður en þeir verða þveraðir, til að draga úr óvissu um áhrif á fugla síðsumars á svæðinu. Fuglatalningar skulu taka a.m.k. til álfta og rauðbrystings. Skal Vegagerðin hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða sambærilegra fagaðila með útfærslu á slíkum talningum. Einnig skal Vegagerðin leggja fram vöktunaráætlun á fuglum, sem skal a.m.k. taka til 3ja ára eftir að framkvæmdum lýkur.
20. Vegagerðin muni hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrufræðistofnun Íslands um tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður og æðarvarp. Þá verði áningarstaðir eða útskot á veginum staðsett fjarri varpstöðum arna.
21. Efnistöku verður hagað þannig að ekki myndist stöðuvötn eða tjarnir í námubotnum og frárennsli frá námusvæðum verður tryggt.
22. Nota skal staðargróður/grenndargróður þar sem talin er þörf á uppgræðslu á framkvæmdasvæði.
23. Vegagerðin í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Reykhólahrepp finni svæði þar sem votlendi verði endurheimt.
24. Framkvæmdaraðili skal leggja fram samráðsáætlun vegna aðgerða um endurheimt votlendis og náttúruminjar áður en framkvæmdir hefjast á viðkomandi svæði. Skal hún lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Í henni skal koma fram hver sé tilgangur samráðs, hverjir séu þátttakendur í samráði, hvernig verði staðið að samráði og hvernig það verði skjalfest.
25. Áður en framkvæmdir hefjast skal Vegagerðin leggja fram vöktunaráætlun á framvindu við endurheimt votlendis og skóglendis og vöktunaráætlun um þróun fiskungviðis og botndýralífs í Þorskafirði og Djúpafirði.
26. Framkvæmdaraðili skal afhenda Reykhólahreppi skýrslur um framvindu verkefnis, nýjar rannsóknir, vöktunaráætlanir og eftirfylgni með mati á umhverfisáhrifum (sbr. lýsingu í kafla 8 í matsskýrslu Vegagerðarinnar).
27. Brýr skulu gera ráð fyrir ídráttarlögnum, þannig að unnt verði að leggja raf- og fjarskiptalagnir. Einnig skal gera ráð fyrir raf- og fjarskiptastrengir verði heimilaðir innan veghelgunarsvæðis.
28. Framkvæmdaraðili skal leitast við að ná samkomulagi við landeigendur eins fljótt og hægt er.